

**spil-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– börnin spila á spil  
– þú spilar vel á flautu

‡ » leika

**ey-ða** *so. vb.-i – heyra*  
[-ddi]

– ekki eyða öllum peningunum!

‡ » eyðileggja

**mið-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– veiðimaðurinn miðaði byssunni

‡ • miður, markmið

**lag-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– það þarf að laga bílinn  
– hver ætlar að laga kaffi?

‡ • lag

**klett-ur** *kk. – hestur*  
[-s, -ar]

– þau gengu upp á háan klett

‡ klettr

**minni** *hk. – hús*  
[-s, -]

– minnið hans afa er farið að gefa sig

‡ • minning, minna, muna

**helming-ur** *kk. – hestur*  
[-s, -ar]

– helmingur íbúanna er óánægður

‡ helmingr • hálfur

**tekjur** *kvk. ft. – stofa*

– hann hefur góðar tekjur

• taka, fátækur

**grjót** *hk. et. – hús*  
[-s]

– það var erfitt að ganga í grjótinu

‡

**ljóð** *hk. – hús*  
[-s, -]

– Hulda las upp ljóð

‡

**hlíð** *kvk. – nál*  
[-ar, -ar]

– snjórinn nær niður í hlíðar fjallsins

‡

**afmæli** *hk. – hús*  
[-s, -]

– ég á afmæli 21. mars

‡ • mæla (-di), mælir

**síð-ur** *lo. – gulur*  
[-, sítt; -ari, -astur]

– hún er með sítt hár

‡ síðr

**jafn** *lo. – gulur Ö 0*  
[jöfn, -t (ao.); -ari, -astur]

– strákarnir eru jafngamlir  
– tveir plús þrír er jafnt og fimm

‡ • jafna, jafnvægi, jafnvel, jafnan, jafnskjótt, jafnframt « misjafn

**ómöguleg-ur** *lo. – gulur*  
[-, -t; -ri, -astur]

– það er ómögulegt að vita hvenær hann kemur

‡ úmöguligr • möguleiki « mögulegur

**straum-ur** *kk. – hestur*  
[-s, -ar]

– það er mikill straumur í ánni

‡ straumr • streyma